

# ÁSKORUN!

**Samstarfsráð um forvarnir vekur athygli frambjóðenda til Alþingis 2013 og verðandi alþingismanna á mikilvægi forvara.**

## Ágætu frambjóðendur til Alþingis 2013!

Neysla áfengis, tóbaks og annarra ávana-og vímuefna snertir öll svið samfélagsins og skaðleg áhrif hennar valda samféluginu tjóni. Stjórnvöld hafa það hlutverk að marka opinbera stefnu í ávana- og vímuefnamálum og forvörnum og tryggja framkvæmd hennar, m.a. með nauðsynlegu fjármagni. En til þess að sú stefna verði annað en stafur á bók verður hún að njóta stuðnings borgaranna, eða hinnar svokölluðu grásrótar. Þau geta félagasamtök leikið mikilvægt hlutverk.

Félagasamtök hafa lengstum haft frumkvæði í ávana- og vímuvörnum á Íslandi og saga forvara á Íslandi einkennst af frumkvæði og virkni almannasamtaka með þeim ágæta árangri að áfengisneysla og reykingar Íslendinga eru með því minnsta sem þekkist í Evrópu og staða okkar varðandi önnur vímuefni er sömuleiðis góð í samanburði við nágrannajóðir. Pennan ávinning og stöðu verðum við að verja.

Félagasamtök búa yfir margvíslegum möguleikum í forvörnum. Félagasamtök leggja með starfi sínu, samfélagsumræðu og verkefnum menningarlegan og lýðræðislegan grundvöll að velferð samfélagsins og eflingu félagsauðs. Þau eru þverskurður af samféluginu með tiliti til aldurs, kyns og búsetu félagsfólks. Félagasamtök byggja tilvist sína á sjálfsprottinni félagslegri þörf og starf þeirra grundvallast á samfélagslegri ábyrgð, samlíðan og borgaravitund.

Félagasamtök eru í náinni snertingu við grásrótina og daglegt líf fólks. Fyrir vikið hafa þau annars konar möguleika í samféluginu en stjórnvöld. Þau geta t.d. nýtt tengslanet sín til þess að virkja sjálfboðaliða í nærsamféluginu á skömmum tíma og þátttaka þeirra getur haft margfeldniáhrif í samféluginu. Félagasamtök hafa einnig meira frelsi, svigrúm og sveigjanleika til athafna en stjórnvöld. Þau eru skapandi afl sem getur boðið fjölbættar lausnir.

**Samstarfsráð um forvarnir hvetur stjórnmálauflokka og verðandi fulltrúa þeirra á Alþingi Íslendinga að setja forvarnir í forgang. Við köllum eftir því að stjórnmálauflokkar og stjórnvöld hafi skýra stefnu í þessum málum og skipi þeim þann sess sem þeim ber í velferð þjóðarinnar og bjóðum fram þátttöku okkar og liðsinni við móturn forvarnastefnunnar og framkvæmd hennar.**

Reykjavík 19. apríl 2013

fh. Samstarfsráðs um forvarnir

Hildur Helga Gísladóttir,  
formaður

**Samstarfsráð um forvarnir**, er samstarfsvettvangur **24** félagasamtaka sem vinna að áfengis-, tóbaks- og vímuefnaforvörnum á vettvangi mannræktar, velferðar, félagsmála, samfélagsþróunar, uppeldis- og skólamála, íþróttamála og tómstundastarfs. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólkri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum.